

Pési



Lesið þetta

- Skemmtilegar hefðir
- Auglýsingar
- Fréttir
- Kjöt frá Koti
- Aðalfundur

Næsti Pési kemur út 12. apríl Skil á efni er 16. apríl

Efni í þessu blaði:

Forystugrein	2
Fréttir	3
Fótbolti	7
Atvinna	9
Árshátíðir	13
	14
Kvenfélagið	18

Mars 2010

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Ísólfur Gylfi Pálmason

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

20. árgangur. 236. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600

Framleiðsla á hálmkrönsum í burðarliðnum á Flúðum

Það er kraftur í þeim hjónakornum Erlu Arnardóttur og Vilberg Tryggvasyni sem eiga fyrirtækið Grænna land ehf. á Flúðum. Nú hafa þau fest kaup á vél sem er annars vegar vefur leiðiskransa og vinnur greni hins vegar. Þau hafa einnig framleitt mörg þúsund birki-búnt sem notuð eru sem skreytingaefni fyrir blóma-verslanir. Þau munu fá aðstoð hjá norskum sérfræðingi þegar þau koma vélunum í vinnslu. Í hreppnum er mikil kornrækt og þau fá einmitt hálm hjá Samúel og Þórunni í Bryðjuholti. Við óskum Grænna landi velgengi í þessari nýju framleiðslu og vonumst til þess að fyrirtækið gangi vel. Þetta eru skemmtilegar hugmyndir sem eru að verða að veruleika. Eins og einhvers staðar stendur, eitt er að fá hugmynd og annað að koma henni í framkvæmd.



Knapar framtíðarinnar á Punktamóti

Ljósni: SigSigm



Átræður hrossaræktandi með þær Gígju og Hrafninnu

Ljósni: SigSigm

Skemmtilegar hefðir!

Í hverju sveitarfélagi skapast hefðir. Þessar hefðir eru mismunandi gamlar en hefðirnar hafa flestar sinn þokka eða sjarma eins og stundum er sagt á slæmri íslensku. Nýafstaðið er hjónaball sem er ein aðal-skemmtunin, sem haldin er í Hrunamannahreppi. Mjög er til þessarar samkomu vandað og engin undantekning þar á að þessu sinni. Í seinni tíð hefur oftast verið svo fjölmennt á þessari samkomu að rætt hefur verið um að flytja samkomuna úr Félagsheimilinu yfir í Íþróttahúsið. Aldrei hefur þó orðið úr því, m.a. af því við erum föst í hefðunum. Þetta er 67. árið sem hjónaball er haldið í Hrunamannahreppi. Hjónaballið er orðið löggilt gamalmenni var upplýst í kaffihorninu í versluninni Strax á dögnum. Í því horni hafa menn ráð undir rífi hverju og öll vandamál leyst yfir kaffibolla og neftóbakskorni. Hornið í búðinni og spjall sem þar fer fram er enn ein skemmtileg hefð hér í sveitinni. Ekki ósvipað og gerist í vigtarskúrunum við sjávarsíðuna. Þar var líka talað um að þrjár manngerðir mættu á hjónaböll. Það væru þeir sem verða vel fullir og hafa ekki áhyggjur af líðandi stund hvorki mat, hljómsveit eða öðru sem litlu máli skiptir. Síðan þessar venjulegu manngerðir sem dansa, skemmta sér og njóta þess að borða góðan mat. Svo eru að síðustu þeir sem sitja, stara út í salinn og fylgjast vel með öllu til þess að geta rætt það sem aflögu fer hjá þeim fullu og jafnvel hinum líka. Þetta eru skemmtilegar kenningar og ekki verri en hverjar aðrar. Víst er að maður er manns gaman. Á hjónaballinu eru heimaþingin skemmtiatriði og við sjáum nýjar hliðar á samferðafólkinu. Gert er góðlátlegt grín að mönnum og málefnum sem flestir taka því með miklum ágætum. Einhverju sinni sagði Guðni Ágústsson við ritstjóra Pésans meðan hann sat á þingi: „Nú er þú orðinn alvöru alþingismaður, Haukur Hauksson hefur gert grín að þér í útvarpinu, Sigmundur hefur teiknað þig í Morgunblaðinu, Spaugstofan hefur gert grín að þér og síðast en ekki síst hefur verið gert grín að þér í Áramótaskaupinu“. Samkvæmt þessari kenningu erum við félagarnir ég Svanhildur og Pésinn, en Svanhildur skrifstofustjóri er eins og allir vita hluti Pésans, rígmontin yfir því hve skemmtilega var fjallað um okkur á hjónaballinu, gert var góðlátlegt grín að okkur og full ástæða til. Hjónabandsnefndinni og húsverði Félagsheimilisins er þakkað fyrir þessa skemmtilegu samkomu og nýrri hjónabandsnefnd óskað velfarnaðar í vandasömum störfum. Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri.

Fréttir frá skrifstofu Hrunamannahrepps

Aurar úr Fráveitusjóði

Við höfum áður sagt frá því í Pésanum að erfitt hefur verið að sækja þá peninga sem okkur hafði verið heitið úr svokölluðum Fráveitusjóði vegna hinna miklu framkvæmda sem við höfum staðið í varðandi fráveitukerfi okkar og hreinsistöð frárennslis. Það lyftist örlítið á okkur brúnin á dögnum þegar okkur bárust um 2.6 milljónir úr sjóðnum sem er þó ekki nema örlítill hluti af því sem upphaflega var áætlað að við fengjum, en allt er betra en ekkert. Á sama hátt vonumst við enn eftir því að fá styrk vegna tilfærslu Litlu-Laxár og frágangi á landi við ána. Fyrirhleðslusjóður hefur enn ekki séð ástæðu til þess að styrkja þá þörfu framkvæmd þrátt fyrir umsóknir í sjóðinn.

Jafnréttisstefna Hrunamannahrepps

Á fundi hreppsnefndar Hrunamannahrepps þann 3. mars var samþykkt jafnréttisstefna hreppsins. Hreppnum ber lögum samkvæmt að samþykkja lög um jafnrétti. Jafnréttisstefnuna má finna á vefsíðu Hrunamannahrepps <http://fludir.is>. Sagt er að margir karlar í hreppnum hafi miklar áhyggjur af jafnréttisstefnunni en ekki er vitað hvort þeir séu að brugga launráð til þess að komast hjá því að fara eftir stefnunni, þó ekki væri nema heima hjá sér. Til fróðleiks má benda á að engin sektarákvæði eru í jafnréttisstefnunni, neiti karlar að ryksuga heima hjá sér.

Brúargerð og Bræðratunguvegur

Vinna við nýja brú yfir Hvítá miðar vel áfram. Brúin er hið fegursta mannvirki um leið og hún verður mikil samgöngubót fyrir uppsveitir Árnassýslu og alla vegfarendur sem eiga eftir að nýta sér þetta þarfa mannvirki. Á síðasta fundi hreppsnefndar var samþykkt tillaga vegagerðarinnar um aðkomu inn á Flúðir. Gert er ráð fyrir hringtorgi sem leiðir væntanlega til þess að umferðarhraði minnkar inni þéttbýlið. Hreppsnefnd hefur hvatt til þess að hringtorgið komi sem fyrst en enn liggja ekki loforð fyrir því að það náist. Enn er líka pressað á Vegagerðina að koma undirgöngum undir veginn skammt frá Hofatúninu. Sjá má tillögu Vegagerðarinnar inn á vefsíðu okkar.

Múrbúðin opnar

Jóhann Unnar og starfsmenn hans vinna nú hörðum höndum að því að gera klárt áður en Múrbúðin verður opnuð í iðnaðarhúsinu við Smiðju-stíg. Mikil þægindi verða fólgin í því að geta keypt byggingarefni hér á staðnum og allt sem að framkvæmdum og viðhaldi lýtur. Stefnt er að því að opna búðina eftir páska.

Hugmyndir um nýjar Hrunaréttir

Á síðasta hreppsnefndarfundum var rætt um skemmtilegar hugmyndir sem Esther Guðjónsdóttir hefur sett fram varðandi nýjar Hrunaréttir. Þessar hugmyndir hefur Þórdís Halldórsdóttir útfært þar sem nýtt verður m.a. stuðlaberg sem byggingarefni. Í hugmyndunum er gert ráð fyrir að stór hluti vinnu við uppbyggingu nýrra rétta verði unnin í sjálfbodavinnu. Hugmyndirnar falla í góðan jarðveg og verða útfærðar frekar. Lengi hefur verið rætt um gömlu réttirnar sem eru frá árinu 1954 og eru verulega farnar að láta á sjá. Söngmenn velta því nú helst fyrir sér hvernig hljómurinn muni berast í hinum fyrirhuguðu réttum. Eins og alþjóð veit er hvergi sungið af meiri innlifun og tilfinningu en einmitt í réttunum. Söngmennirnir hafa oft minni áhyggjur af hefðbundnum fjárrætti í réttum heldur en að ná hinum rétta tóni.

Dagur umhverfisins

Dagur umhverfisins er 25. apríl en þann dag fæddist Sveinn Pálsson árið 1762 en hann er fyrsti íslenski náttúrufræðingurinn. Þennan dag hvetur umhverfisráðherra, einstaklinga, fyrirtæki, félög og skóla að minnast dagsins með einhverjum hætti. Að sjálfsögðu hvetur Þésinn til þess enda hvetur hann ráðherrann sem og aðra félaga hennar til allra góðra verka.

Landgræðslufélagið

Landgræðslufélag Hrunamanna heldur aðalfund sinn mánudaginn 22. mars n.k. kl. 20.30 í Félagsheimili Hrunamanna. Á fundinum verða hefðbundin aðalfundarstörf auk erinda. Sauðfjárnændur hafa skrifað undir Landgræðsluáætlun 2009-2013 en það er einmitt forsenda uppþótargreiðslu vegna beitastýringar. Það er þess vegna mikils um vert fyrir sauðfjárnændur og alla áhugamenn um uppgræðslu á Hrunamannaafretti að vel takist til í þessu starfi.

Metangasframleiðsla – fundur öllum opinn!

Nautgriparáættarfélag Hrunamannahrepps heldur aðalfund sinn á Hótel Flúðum 30. mars n.k. Fundurinn hefst kl. 11.00. Kl. 13.00 mun Svanhildur Ósk starfsmaður Landbúnaðarháskóla Íslands koma til fundarins en hún hefur kynnt sér metanframleiðslu sem til verður í kúamykju. Sá fundur er öllu áhugafólki opinn og fólk hvatt til þess að mæta á fundinn og kynna sér þessi spennandi framtíðarmál. Búnaðarfélag Hrunamanna heldur sinn árlega fund 15. mars n.k. kl. 20.30 og kvenfélagið aðalfund sinn þann 17. mars kl. 20.30. ljóst er að mikið er af spennandi fundum framundan.

Viðvera oddvita á Skrifstofu Hrunamannahrepps er
á mánudögum frá kl:10:00-12:00

Sorphirða – endurvinnslubankar

Skorað er á þá sem enn hafa ekki safnað plasti til endurvinnslu að gera það. Á gámasvæðinu er sérstakur gámur undir plast og auk þess sækir Tómas Þórir Jónsson, verktaki plast á bóndabæi á u.þ.b. tveggja mánaða fresti. Tekið skal fram að stórsekkir undan áburði eru teknir til endurvinnslu en nauðsynlegt er að aðskilja ytra- og frá innra birði. Vakin er athygli á að pokana má einnig nota sem umbúðir utan um heyplast. Nánari upplýsingar veitir Tómas Þórir verktaki s. 899-3092. Enn er mikil umræða á Suðurlandi um urðunarstað, flokkunarstöð og fleira þessu tengt en aukaaðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands verður haldinn 22. mars n.k.

Árshátíð ÁSÆLS

Þeim er ekki fisjað saman forsvarsmönnum ÁSÆLS sem endurbyggðu sæluhúsið við Fosslæk. Árlega gera þeir sér glaðan dag og nú stendur mikið til. Árshátíð þeirra er framundan og er nánar auglýst í Pésanum. Það er gaman að vita til þess að enn er til fólk sem tilbúið er að vinna sjálfbodavinnu, samfélaginu til heilla. Þeir eru sem betur fer til enn hér um slóðir, það sýna dæmi eins og sæluhúsið, reiðhöllin og margt fleira mætti nefna. Nú er að vita hvort okkur tekst að koma upp nýjum réttum í sjálfbodavinnu?

Karлакórinn Prestir í æfingabúðum

Félagar úr Karлакórnum Þröstum voru í æfingabúðum hér á Flúðum um síðustu helgi og bárust ljúfir tónar frá æfingum þeirra um húsnaði Hótel Flúða. Karlakórinn komu hér með konum sínum og þær fóru í ævintýra- og skoðunarferð um hreppinn á meðan karlakórinn æfðu. Fréttahaukur okkar, blaðamaður Morgunblaðsins og ljósmyndarinn Sigurður Sigmundsson var leiðsögumaður kvennanna. Margir öfunduðu Sigurð að fá að vera einn með öllum þessum myndarlegu konum þessa dagstund, en öðrum þótti karlakórinn í Þröstum hugdjarfir að treysta Sigurði fyrir þessum kvenskara. Hvort það var til þess að tryggja allt siðgæði, eða af upplýsandi ástæðum mætti presturinn okkar hópnum þegar Hrepphóllakirkja var skoðuð. Góður rómur var gerður að fararstjórn Sigurður og er enn glampi í augum hans eftir ævintýraförina.

Sveitarstjórnarkosningar oddvitinn gefur kost á endurkjöri

Nú er ljóst að oddviti okkar Ragnar Magnússon mun gefa kost á sér áfram í komandi sveitarstjórnarkosningum sem fram fara 29. maí n.k. Þess má og geta að Sigurður Ingi Jóhannsson og Gunnar Hallgrímsson munu ekki gefa kost á sér til endurkjörs. Aðrir hreppsnefndarmenn hafa ekki tekið ákvörðun. Hvað sveitarstjórnin varðar hefur flogið fyrir að einhverjar þreifingar eigi sér stað í hans gömlu heimabyggð og að hann sé ekki alveg gleymdur þar. Öll þessi mál skýrast þegar nær dregur kosningum.



Fótboltafréttir

Æfingamót fór fram á Selfossvelli 6. mars síðastliðinn hjá strákunum í þriðja og fjórða bekk, 6. fl. karla. Liðin sem mættu til leiks voru Selfoss, Ægir frá Þorlákshöfn, UMF

Kjalarnes og okkar menn. Skemmst er frá því að segja að árangur hjá okkar þeyjum var hreint frábær. Leikmenn í liði 1 voru Orri, Ómar, Heiðar, Hörður, Halldór Fjalar, Víталí og Filipp fyrirliði. Liðið vann 3 leiki, gerði 1 jafntefli og tapaði einum með 1 marki. Leikmenn í liði 2 voru Halldór Friðrik, Guðmundur, Einar, Gabríel, Ástráður, Sigurður og Mattías Bjarnason fyrirliði. Þeir unnu alla sína 5 leiki. Leikmenn í liði 3 voru Viktor, Grímur, Guðmundur, Guðni, Guðbrandur, Kristinn, Egill og Hannibal fyrirliði. Liðið vann 3 leiki, gerði 1 jafntefli og tapaði einum. Ekki vantar áhugann hjá leikmönnum, mæting góð og mikil stemning en ekki áttu allir heimangengt, Bergsveinn varð að sitja heima vegna hlaupa-bólu.

Heimir þjálfari vill þakka þeim foreldrum sem sáu sér fært að aðstoða þennan dag. Davíð Brynjar var aðstoðarþjálfari og fær bestu þakkir fyrir. Ragnheiður Karlsdóttir mamma fær knús og kossa frá liðsmönnum fyrir að taka að sér þvott og þurrkun liðsbúninga.

Eftir góðan árangur í leikjum var farið á hlaðborð á Pizza Islandia.

Þá hefur þriðja drengnum, Jónasi Ölvis og Annesyni verið boðið að æfa með 3.fl. Fjölnis fram á vor.

Enn eiga einhverjir eftir að borga æfingagjöld og eru þeir vinsamlegast beðnir um að ganga frá þeim málum sem fyrst.

Bestu kveðjur og f.h. deildar, Heimir Gunnarsson þjálfari s.8943030



Vöruflutningar
Reykjavík—Árnessýsla



VÖRUFLUTNINGASTÖÐIN

Vörumóttaka Héðinsgata 1-3
Sími: 533 2211

VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.

Brottför frá Reykjavík, Héðins-
götu 1-3 sími: 533 2211.

Mánudaga til föstudaga kl.

13:00, Á Selfossi hjá Húsa-
smiðjunni og Byko kl.

14:00 .Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar
856 1581 Stefán



Frá Bókasafni Hrunamanna



Bókasafnið er opið:



Mánudaga Kl. 20-21

Priðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18

Aðgangur að tölvu fyrir almenning gegn vægu gjaldi.

Alltaf eitthvað nýtt efni í hverri viku.

Vinsamlegast munið að skila bókum á réttum tíma.

Verið velkomin á bókasafnið sem er fullt af efni til fróðleiks og skemmtunar.

Lestrarstund er gæðastund J

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 486 6708

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://www.fludir.is/bokasafn/>



Atvinnuauglýsingar (sumarstörf)

Trog ehf. óskar eftir starfsmönnum til starfa á tjaldstæðinu á Flúðum sumarið 2010. Um er að ræða vaktavinnu og er töluverður hluti vinnunnar unnin utan hefðbundins vinnutíma. Verið er að leita að einstaklingum sem eru að lágmarki 18 að aldri. Í boði eru bæði 100% stöður og hlutastörf, jafnframt er óskað eftir einstaklingum í næturvinnu.

Peir sem hafa áhuga eru beðnir um að hafa samband við Vilberg í síma 618-5005 eða senda tölvupóst á netfangið tjaldmidstod@fludir.is.

Leitast verður við að ráða í stöðurnar eins fljótt og auðið er.

Óska eftir uppstöðum

Óska eftir notuðum uppstöðum til leigu eða kaups. Purfa stoðirnar að vera að lágmarki 3m langar. Vinsamlegast hafið samband við Vilberg í síma: 699-0757



FLÚÐA-TAXI

Uppsveita Árnessýslu

Jóh. Unnar Guðmundsson



Sími 893 1462

8 farþega bíll



Hjörleifur Ólafsson

Rafræðingur Lóggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Hjónaballsnefnd 2011

Anna María og Hörður Flúðum Formenn

Gyða og Bjarni Valur Skipholtli

Guðný og Magnús Flúðum

Alma Jenný og Páll Árbæ

Alina og Magnús Haukholtum

Fjóla og Sigurður Skollagróf

Berglind og Ragnar Efra Langholtli

Árni Magnús og Azeb Kahssay Flúðum



Frá Hjónaballsnefnd 2010

Kæru sveitungar !

Hjónaballsnefndin 2010 þakkar góðar viðtökur á ballinu síðast liðin laugardag og þakkar innilega fyrir sig. Við birtum hér til gamans vísurnar frá ballinu og lista yfir Hjónaballsnefnd 2011. Við óskum nýrri nefnd til hamingju og óskum þeim góðs gengis með næsta Hjónaball.

Kærar kveðjur
Hjónaballsnefnd 2010

Sigurður Ingi til fundar á Alþingi ekur.
Ábúðarfullur í umræðunni þátt hann tekur.
Þar er með þóf,
Þó keyrir ei fram úr hóf-i.
Svo malbikið mjúka heim ekur.

Oddvita nýjan við fengum og það er hann Ragnar
Áhugamálin hans eru helst vélar og vagnar
Stórbúi býr
Í Birtingaholti með kýr
Brátt kosningasigri hann fagnar.

Halldóra Hjörleifs hún flutti frá Fossi á Flúðir.
Finnst henni það vera betra og styttra í búðir.
Hún ber því lof
Að búa við Suðurhof.
Þar nágrannar eru svo prúðir.

Í íþróttahúsinu er húsvörður kallaður Hjalli,
Hundana fangar ef þeir eru á einhverju ralli.
Hefur það heyrst
Og varla það neitt hefur breyst
Hann er ekki á hjónaballi.

Ruslið hann sorterar, raðar, pússar og flokkar
Fer vel með sveitasjóð, rusla ráðherrann okkar.
Tómas það veit
Spara þarf í okkar sveit.
Má rusl fara í tunnurnar okkar?



Kaffi-Sel, golfskálanum, verður opið í **mars og apríl** sem hér segir:

Föstudaga frá kl. 17.00 til 20.30

Laugardaga frá kl. 12.00 til 20.30

Lokað á sunnudögum.

Lokað 2. apríl (Föstudaginn langa).

Hægt er að leika á golfvellingum á vetrarflötum, ef veður leyfir. Vinsamlegast gefið ykkur fram í golfskála.

Verið hjartanlega velkomin

Kaffi-Sel - Sími 486-6454

Heimasíða: www.kaffisel.is Netfang: info@kaffisel.is

VIOLA snyrtistofa á Flúðum
Eftirfarandi meðferðir eru í boði
Andlitsbað Húðhreinsun
Litun og plokkun Handsnyrting
Fótsnyrting Förðun Vaxmeðferðir
Tímabantanir í síma 566-8342
og 856-1599(Hlíf)

Kjöt frá Koti



Í Langholtskoti er nautakjöt til sölu.

Kjötið er afgreitt í því magni sem hentar hverjum og einum.

Steikur og hakpakkningar í stykkjatali, heilan, hálfan eða fjórðung úr skrokk. Einnig er 20 kg. heimilispakkning sem er 12 kg. hakk og 8 kg. vöðvar og gúllas.

Kjötið er úrbeinað og pakkað í lofttæmdar umbúðir, hver vöðvi er merktur og kemur þar fram þyngd og þökkunardagur.

Kjötið er afgreitt á staðnum einnig er hægt að koma því til kaupanda.

Verð á kjöti af holdakyni 1550 kr. pr. kg. og 1450 kr. pr. kg. af íslenskum stofni ef keypt er heilan, hálfan, fjórðung úr skrokk eða 20kg. pakkning.

Kjötið er afgreitt frosið og miðast allt verð við staðgreiðslu.

Verið velkomin að senda inn fyrirspurnir á lkot@simnet.is

Eða hafa samband í síma 8943333 Unnsteinn eða 8226617 Valdís

ÁSÆLSHÁTÍÐ

VERÐUR HALDIN Á KAFFI – SELI 19. MARS

AÐALFUNDUR HEFST KL. 20.00

MATARVEISLA KVÖLDVAKA KL. 21.00

GRÍN OG GAMAN. VERÐ KR. 3600

FÉLAGSMENN HVATTIR TIL AÐ KOMA

OG TAKA MEÐ SÉR GESTI.

ÞÁTTAKA TYLKYNNIST FYRIR 16. MARS

TIL SKEMMTINEFNDAR.

S: 8931235 SIGGI, 8948974 SIMMI,

8675007 HAUKUR

Minum á línudansinn á Kaffi Seli á mánudögum kl. 17:00

Ásta og Halldór

Fótstnyrting

Tími : Laugardagur 13.mars, sunnudagur ef með þarf.

Staðsetning : Kjallarinn í Heimalandi.

Pantanir í síma : 567 7667 e.kl. 18:00

og í gsm 849-7619

Ég þakka kærlega fyrir góða aðsókn þessi tvö skipti sem ég hef mætt og vonast til að sjá ykkur sem flest í mars. Því miður mun ég líklega ekki komast aftur fyrir en fyrstu helgina í maí vegna anna í námi. Framundan er mikil verkefnavinna og prófatörn í mars og apríl, vona að flestir hafi skilning á því.

Kveðja,

Hafís Magnúsdóttir fóttaaðgerðafræðingur

Árshátíð eldri Hrunamanna 2010

Árshátíð eldri Hrunamanna verður haldin fimmtudaginn 18. mars n.k. á Hótel Flúðum. Húsið opnar kl. 19.00 og borðhald hefst kl. 19.30.

Glens og gaman, höfum góða stund saman.

Miðaverð er 3.700 kr./mann og greiðist við innganginn.

Miðapantanir berist til eftirfarandi í síðasta lagi fyrir mánudagskvöldið 15. mars:

Anna Matthíasdóttir – 486-6614

Loftur Þorsteinsson – 486-6715 / 863-7915

Guðbjörg Björgvinsdóttir – 486-6670 / 893-3674

Stjórnin.



Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga 09:00-19:00

Laugardaga 10:00-19:00

Sunnudaga 10:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax

AÐALFUNDUR

Nautgriparáæktarfélags Hrunamanna verður haldinn á Hótel Flúðum
þriðjudaginn 30. mars kl: 11:00

Venjuleg aðalfundarstörf

Kl. 13:00 mætir Svanhildur Ósk starfsmaður Landbúnaðarháskóla Íslands og
kynnir metangasframleiðslu. Sá fundur er öllum opin
Stjórnin

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Búnaðarfélags Hrunamanna verður haldinn mánudaginn 15.
mars kl. 20:30 í Félagsheimili Hrunamanna.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Kaffiveitingar í boði félagsins

Stjórnin

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Landgræðslufélags Hrunamanna verður haldinn í Félagsheimili
Hrunamanna mánudaginn 22. mars kl 20:30

Venjuleg aðalfundarstörf

Erindi: Sigurður H Magnússon:

“Áhrif beitarfriðunnar á framvindu á örfoka landi”

Guðmundur Stefánsson sviðsstjóri landverndarsviðs Landgræðslunnar:

“Efst á baugi í landgræðslustarfinu-BGL verkefni, Landbótasjóður, starfsemi
landgræðslufélaga ofl”.

“Landnýtingar og landgræðsluáætlun 2009-2013 kynnt”

Fólk er hvatt til að fjölmenna á fundinn

Stjórnin

AÐALFUNDARBOÐ

Aðalfundur UMFH verður haldinn í veitingasal Félagsheimilisins 31. mars
næstkomandi kl. 20:30.

Venjuleg aðalfundarstörf

Stjórnin

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Björgunarfélagsins Eyvindar verður haldinn í húsi félagsins,
laugardaginn 20. mars kl 14:00. Venjuleg aðalfundarstörf. Sitjandi stjórn

gefur kost á sér til áframhaldandi setu.

Stjórnin

Frá Búnaðarfélagi Hrunamanna

Búnaðarfélag Hrunamanna boðar til fundar í **Félagsheimili Hrunamanna** **mánudaginn 22. mars kl. 13:30.**

Bragi Líndal Ólafsson, fóðurfræðingur og kennari við Landbúnaðarháskóla Íslands, kynnir nýjar aðferðir við meðhöndlun á byggi til að ná fram betri fíðurnýtingu og ræðir möguleikana á notkun byggs fyrir ýmsar dýra- tegundir. Allir áhugamenn um ræktun og notkun á íslensku byggi velkomnir.

*Skrifstofa Hrunamannahrepps
Opnunartími hreppsskrifstofu
Mánudaga til föstudaga:
09:00-12:00 og 13:00-16:00*

Tækjasalurinn í Íþróttahúsinu er opin:
Mánudaga til föstudaga frá kl. 15:30-21:00

Sundlaugin á Flúðum.

Vetraropnun

Mánudaga til fimmtudaga: 16:00-20:00

Föstudaga: LOKAÐ

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-17:00

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **480 5300**
Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og **899-9665.**

Inga Birna.

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum Kjalarvogi og

Kl 13:00 frá Flytjanda Klettagörðum

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370 Pálmar

892-2371 Snævar.

892-2372 Bjösssi.

*Með von um gott samstarf
Starfsfólk Flúðaleiðar*

Til sölu húsgögn, heimilistæki, og ýmislegt fleira.

Opið eftir pöntun, allir velkomnir.

Mini Markaður Bláir Fiskar (áður Ægisbraut Akranesi)

nú að Unnarholtskoti 1 í kjallaranum

símar 5811214-6901796- upplýsingar og verð einnig í

netpósti gbb@post.com

Starfsmaður frá Arion banka á Selfossi er til viðtals á Skrifstofu
Hrunamannahrepps annan þriðjudag í hverjum mánuði
(næst 13 apríl um kl. 14:00)

Frá Kvenfélagi Hrunamannahrepps

Aðalfundur 2010

Aðalfundur Kvenfélags Hrunamannahrepps verður haldinn miðvikudaginn 17. mars kl. 20.30 í Félagsheimili Hrunamanna.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Kosið verður um eftirfarandi:

Ritara til þriggja ára.

María Magnúsdóttir gefur kost á sér til áframhaldandi setu.

3 meðstjórnendur

Kosið er um meðstjórnendur ár hvert. Allir meðstjórnendur eru tilbúnir til að starfa áfram en þeir eru: Helena Eiríksdóttir, Ingibjörg Steindórsdóttir og Sigríður Jónsdóttir.

Stjórn Freyjusjóðs

Í stjórn Freyjusjóðs sitja formaður kvenfélagsins og tvær félagskonur. Stjórn Freyjusjóðs skipa nú Anna Kr. Ásmundsdóttir, Björg Björnsdóttir og Helena Eiríksdóttir. Björg Björnsdóttir gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu.

Hvetjum konur til að mæta á aðalfundinn. Margt spennandi framundan sem gaman verður að taka þátt í. Nýir félagar ávallt velkomnir.

Stjórn og meðstjórnendur.

Námskeið og fleira í apríl

11. apríl mun Hildur Hákonardóttir vera með námskeið í Félagsheimili Hrunamanna.

saga jurtalækninga rakin í stuttu máli

sagt frá nokkrum íslenskum lækningajurtum

leiðbeining á að búa til te, smyrsl, nuddolíur og seyði til heimabruks
Nánar auglýst síðar. Takið daginn frá.

Á næstunni er fyrirhugað að halda saumanámskeið ef næg þátttaka fæst.
Nánar auglýst með dreifibréfi.

Konukvöld í apríl. Nokkur kvenfélög taka sig saman og halda konukvöld sem verður fyrir allar konur á öllum aldri úr nokkrum sveitum. Nánar auglýst síðar.

Kvenfélag Hrunamannahrepps.



Landbúnaðarverslun

20 %
afsláttur út mars á
hestafóðri, sagi og spónum
og Rutland rafgirðingarefni

Kústar, kvíslar
sleggjur og
járnkarlar

Salernispappír og
þurrkur
ýmisskonar

Olfu- og
hreinsivörur

Þvottarefni fyrir
mjaltakerfi,
mjaltþjóna,
þvottahúsið og
eldhúsið



Sjón er sögu ríkari

Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss

Sími 480 5600
landstolpi.is



Hjónaballið í hnotskurn . Ljósni: SigSigm

